

46 notkunar á skipinu, svo sem kola- og oliubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert 19. júní skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

47

19. júní

L Ö G

um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að láta taka eignarnámi um 80 hektara landsvæði, sem liggur suðvestan í og vestan við Öskjuhlíð hér í bænum, en landsvæði þetta er nú þinglesin eign The Harbours and Piers Association.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.